

# Íþróttamannvirki Akureyrarbæjar

Skýrsla starfshóps um nýframkvæmdir íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar næstu 15 árin



AKUREYRARBÆR

Október 2019

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Skipun og markmið hópsins.....	4
Gagnaöflun og afmörkun .....	4
Nýting íþróttamannvirkja .....	5
Forgreining og vægi verkefna .....	5
Gróf kostnaðargreining .....	5
Samtöl.....	6
Fólksfjölgun og áhrif á íþróttahreyfinguna .....	6
Staðsetning íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar .....	6
Uppbygging íþróttamannvirkja árin 2000 – 2018.....	2
Stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja .....	2
1. Uppbygging á félagssvæði Nökkva við Höpnarsbryggju. ....	2
2. Félags- og æfingaaðstaða í Skautahöll Akureyrar.....	3
3. KA gervigras og stúka.....	3
4. KA félagsaðstaða.....	3
5. Hlíðarfjall þjónustuhús.....	3
6. Golf- vetraraðstaða.....	4
7. Innisundlaug .....	4
8. Þór - vestan við Bogann .....	4
9. Þór íþróttahús .....	5
10. Þór - gervigras á æfingasvæði .....	5
11. KA íþróttahús .....	5
Lokaorð og frekari fyrirvarar .....	6
Erindisbréf starfshóps .....	7
Óskalisti íþróttafélaganna .....	8
Iðkendafjöldi .....	16

## Inngangur

Öflugt og fjölbreytt íþróttastarf hefur einkennt Akureyrarbæ og er aðstaða til íþróttaiðkunar með því besta sem þekkist í 19 þúsund manna samfélagi. Árið 2019 eru 22 aðildarfélög innan Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) og bjóða þau upp á 32 íþróttagreinar skv. tölfræði Íþrótt- og ólympíusamband Íslands (ÍSÍ). Í íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA til ársins 2022 kemur fram að á Akureyri skulu vera starfrækt færri, stærri og faglegrí fjölgreinafélög í framtíðinni.

Árið 2019 voru gerðir þjónustusamningar við íþróttafélögin innan ÍBA sem eru með rekstrarsamninga við Akureyrarbæ. Þessir samningar eru nýir af nálinni og er markmiðið með þeim að stuðla að betra og faglegra starfi innan félaganna þannig að öll börn og ungmenni eigi þess kost að iðka heilbriggt og metnaðarfullt íþrótt- og tómsundastarf við sem hagstæðust skilyrði óháð efnahag fjölskyldna. Einnig að félögin bjóði upp á skipulagða íþróttþjálfun á Akureyri og veiti öðrum nauðsynlega þjónustu sem eftir því óska. Í samningunum er kveðið á um að félögin skulu starfa í samræmi við stefnuýfirlýsingu ÍSÍ. Frá árinu 2021 þurfa félögin að vera fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ til að fá úthlutað fjármagni frá Akureyrarbæ.

Í íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA kemur fram að íbúar eru almennt ánægðir með þá aðstöðu sem er til staðar en skort hefur langtímastefnumótun í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Jafnframt kemur fram að á Akureyri eigi aðstaða til íþróttaiðkunar að vera í takti við það besta sem þekkist hérlendis og uppbygging skuli vera unnin eftir skilgreindri og forgangsraðaðri stefnu í takt við óskir aðildarfélaga ÍBA. Til að fylgja þeirri stefnu eftir setti ÍBA saman vinnuhóp árið 2018 að ósk frístundaráðs með það að markmiði að forgangsraða uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri. Vinnuhópur ÍBA skilaði ekki inn forgangsröðuðum tillögum að uppbyggingu íþróttamannvirkja og var því ákveðið að mynda þverpólítískan starfshóp sem tók til starfa í mars 2019. Meginverkefni þessa starfshóps sem hér skilar tillögum sínum er að gera drög að forgangsröðun uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri næstu 15 árin **út frá fjárhagslegu svigrúmi bæjarins** og fjárþörf verkefna. Í vinnu sinni horfði starfshópurinn til fjölbreytni og gæða núverandi íþróttamannvirkja, nýtingu þeirra, fjölda iðkenda, skólastarfs, ferðaþjónustu og almennings.

## Skipun og markmið hópsins

Samkvæmt tillögu frístundaráðs í byrjun mars 2019 var skipaður starfshópur um mat á kostnaði og sviðsmyndum varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri.

Starfshópurinn var skipaður eftirfarandi fulltrúum: Hildur Betty Kristjánsdóttir þ.v. formaður frístundaráðs, f.h. L-lista, Andri Teitsson, formaður umhverfis- og mannvirkjasviðs, f.h. L-lista, Tryggvi Már Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, f.h. Framsóknarflokksins, Arnar Þór Jóhannesson, f.h. Samfylkingarinnar, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, f.h.

Sjálfstæðisflokksins, Hannes Karlsson, f.h. Miðflokksins og Ásrún Ýr Gestsdóttir, f.h. Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Í september 2019 bættist Anna Hildur Guðmundsdóttir f.h. L-lista við í vinnuhópinn sem formaður frístundaráðs. Starfsmaður hópsins var Ellert Örn Erlingsson, deildarstjóri íþróttamála hjá Akureyrarbæ

Samkvæmt erindisbréfi (fylgiskjal nr. 1) var hlutverk hópsins að **greina gróflega stofn- og rekstrarkostnað** við helstu mannvirki sem eru í umræðu. Einnig að setja upp nokkrar **sviðsmyndir um hvernig röð uppbyggingar** og samspil verkefna gæti orðið auk þess að **meta mögulegan framkvæmdahraða** á sviðsmyndum út frá **fjárhagslegu svigrúmi bæjarins** og fjárförf verkefna (að teknu tilliti til möguleika á einkaframkvæmd).

## Gagnaöflun og afmörkun

Fyrsti fundur hópsins var 22. mars 2019. Starfshópurinn kallaði eftir upplýsingum frá aðildarfélögum ÍBA um hvaða aðstöðu hvert félag þyrfti á næstu 5-15 árum, hver væri óska staðsetning á aðstöðu félagsins og með tilliti til samlegðaráhrifa af nýtingu mannvirkja var spurt með hvaða öðrum aðildarfélögum ÍBA félög ættu helst samleið.

Svör bárust frá 20 af 22 félögum (fylgiskjal nr. 2). Starfshópurinn lagði til grundvallar við forgangsröðun atriði sem skipta helst máli fyrir bæjarfélagið í heild út frá þeim forsendum sem áður hafa verið tilgreindar.

Í vinnu hópsins var horft til nýtingar íþróttamannvirkja í eigu Akureyrarbæjar og iðkendafjölda íþróttafélaganna innan ÍBA (fylgiskjal 3). Gerð var gróf kostnaðaráætlun sem var ætlað að auðvelda forgangsröðun verkefna í samræmi við fjármagnspörf verkefnanna og **fjármálaáætlun bæjarins**. Í starfi hópsins var lögð áhersla á nýframkvæmdir frekar en viðhaldsverkefni eldri mannvirkja.

### Nýting íþróttamannvirkja

Íþróttamannvirki Akureyrarbæjar eru mjög vel nýtt alla daga vikunnar. Grunnskólar Akureyrarbæjar nýta sér aðstöðuna fyrri part dags ásamt leikskólum bæjarins, frístund skólanna, Menntaskólanum á Akureyri, Verkmenntaskólanum á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Þá er aðstaðan leigð út til almennings eftir því sem aðstæður leyfa. Aðildarfélag ÍBA nýta íþróttahúsin frá því að skólastarfi lýkur og fram á kvöld virka daga og svo 12-16 klst. um helgar til æfinga og keppni. Vinna Akureyrarbæjar við að gera vinnudag barna samfelldan hófst haustið 2019 og gerði það að verkum að æfingátímar færðust framár á daginn í mörgum tilfellum og mynda þannig samfellu við skólastarfið í íþróttahúsunum.

### Forgreining og vægi verkefna

Til grundvallar forgangsröðun lögðu fulltrúar í vinnuhópnum upp með að velja atriði sem skiptu helst máli fyrir bæjarfélagið í heild.

Í fyrsta lagi var lagt mat á framkvæmdir með tilliti til iðkendafjölda barna, þ.e. hversu margir iðkendur hjá félaginu eru á aldursbilinu 0-18 ára. Í öðru lagi voru metin áhrif uppbyggingar á almenning, skólastarf og lýðheilsu í sveitarfélaginu. Í þriðja lagi voru metin samlegðaráhrif félaganna, þ.e. hvort uppbygging nýtist fleiri en einu félagi. Að lokum var lagt mat á áhrif íþróttafélagsins og starfsemi þess á ferðaþjónustu. Starfshópurinn raðaði upp þessum efnispáttum og gaf stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Þau verkefni sem þar voru efst voru svo greind nánar.

### Gróf kostnaðargreining

Út frá forgreiningu starfshópsins var óskað eftir grófri kostnaðargreiningu frá starfsmönnum umhverfis- og mannvirkjasviðs á hugmyndum að verkefnum í Hlíðarfjalli og á félagssvæði Golfklúbbs Akureyrar, Íþróttafélagsins Þórs, Knattspyrnufélags Akureyrar, Siglingarklúbbsins Nökkva, Skautafélags Akureyrar og Sundfélagsins Óðins. Sambærileg verk og áætlað byggingarfermetraverð var haft til hliðssjónar við gerð grófrar kostnaðargreiningar.

Þau verkefni og óskir sem ekki fóru í kostnaðargreiningu er hægt að skilgreina þannig að a) verkefnið hefur samleiðaráhrif með þeim verkefnum sem voru kostnaðarmetin, b) verkefnið flokkast sem rekstrarverkefni og c) starfshópurinn sér ekki fram á að verkefnið rúmist innan fjárheimilda næstu 15 árin.

## Samtöl

Starfshópurinn átti samtöl við framkvæmdastjóra og formenn fjögurra félaga sem eru með rekstrarsamninga við Akureyrarbæ; Golfklúbb Akureyrar, Knattspyrnufélag Akureyrar, Íþróttafélagið Þór og Skautafélag Akureyrar. Í samtölunum var kallað eftir frekari upplýsingum um óskir félaganna og hvernig þau forgangsroðuðu sínum verkefnum/hugmyndum. Farið var yfir samlegðaráhrif við önnur félög, nýtingu íþróttamannvirkja og hvaða áhrif hugmyndirnar hafa á rekstur félaganna. Eins var kannað hvort að félögin væru með aðila/leiðir til að fjármagna hugmyndirnar eftir öðrum hætti en í gegnum Akureyrarbæ.


## Fólksfjölgun og áhrif á íþróttahreyfinguna

Undanfarin áratug hefur verið um 1,1% fólksfjölgun á Akureyri á ársgrundvelli (1998-2018). Þó er þessi tala ívið lægri allra síðustu ár eða í kring um 0,6% (2010-2018). Fjölgun Akureyringa það sem af er ári 2019 er um 0,8%. Í aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er miðað við gildin 0,56%, 1,10% og 1,35% sem lág-, mið- og háspárgildi á skipulagstímanum. Það þýðir að á milli 20.000 og 21.700 íbúar munu búa á Akureyri við lok gildistíma skipulagsins árið 2030. Hlutfallslega er gert ráð fyrir mestri fjölgun í eldri aldurshópum. Því má gera ráð fyrir að uppbygging nýrra mannvirkja muni miða að miklu leyti að þörfum þess hóps en ungar fjölskyldur leita í húsnæði sem losnar þegar eldra fólk minnkar við sig. Uppbygging á Akureyri verður á næstu 10-15 árum mun umfangsmeiri norðan Glerár en sunnan, m.a. með uppbyggingu við Skarðshlíð, Holtahverfi og Kollugerðishaga. Sú fjölgun sem verður sunnan Glerár verður fyrst og fremst vegna síðustu áfanga Hagahverfis og svo uppbyggingar á þéttingasvæðum í miðbæ Akureyrar og Oddeyri. Áfram er gert ráð fyrir fjölgun iðkenda sunnan Glerár næstu 4-6 árin en þar á eftir fjölgar norðan við Glerá.

## Staðsetning íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar

Íþróttamannvirki sem aðildarfélög ÍBA notast við eru að stærstum hluta í fullri eigu Akureyrarbæjar, alls sautján mannvirki. Í einu tilfelli á Akureyrarbær hlut (27%) í íþróttamannvirki. Fimm íþróttasvæði eru staðsett á landi Akureyrarbæjar þar sem íþróttafélögin hafa byggt upp sína aðstöðu (BA, KKA, Skotfélag Akureyrar, GA, Nökkvi). Í fjórum tilfellum eru aðildarfélög ÍBA að notast við mannvirki/aðstöðu í eigu þriðja aðila (KFA, Karatefélag Akureyrar, Svifflugfélagið, Bogfimideild Akurs).

Mynd nr. 1 sýnir dreifingu íþróttamannvirkja um Akureyrarbæ og eftirfarandi tafla vísar til hvaða íþróttagreinar og starfsemi er í hverju mannvirki.




Tafla við mynd nr. 1

- |  |  |
|--|--|
| <ol style="list-style-type: none"> <li>1. <b>Íþróttahús Síðuskóla</b> =&gt; Handbolti, körfubolti, skólaíþróttir</li> <li>2. <b>Félagssvæði Þórs</b> =&gt; Fótbolti, frjálsar íþróttir, almenningur</li> <li>3. <b>Boginn</b> =&gt; Fótbolti, frjálsar íþróttir, almenningur</li> <li>4. <b>Íþróttamiðstöð Glerárskóla</b> =&gt; Sund, körfubolti, boccia, borðtennis, skólaíþróttir</li> <li>5. <b>Íþróttamiðstöð Giljaskóla</b> =&gt; Fimleikar, parkour, snjóþretti, almenningur, skólaíþróttir.</li> <li>6. <b>Íþróttahús Oddeyrarskóla</b> =&gt; Taekwondo, almenningur, skólaíþróttir</li> <li>7. <b>Akureyrarvöllur</b> =&gt; Fótbolti</li> <li>8. <b>Félagssvæði KA, gervigras KA</b> =&gt; Fótbolti</li> <li>9. <b>Íþróttahús Lundarskóla</b> =&gt; Blak, handbolti, júdó, spaðaíþróttir, almenningur, skólaíþróttir</li> <li>10. <b>Sundlaug Akureyrar</b> =&gt; Sund, almenningur, skólaíþróttir</li> <li>11. <b>Íþróttahöllin</b> =&gt; Handbolti, körfubolti, golf, skotfimi, almenningur, skólaíþróttir</li> <li>12. <b>Íþróttahús Laugargötu</b> =&gt; Hnefaleikar, pílukast</li> </ol> | <ol style="list-style-type: none"> <li>13. <b>Félagssvæði Nökkva</b> =&gt; Siglingar, almenningur</li> <li>14. <b>Skautahöll</b> =&gt; Íshokki, listhlaup, krulla, almenningur</li> <li>15. <b>Íþróttahús Naustaskóla</b> =&gt; Handbolti, blak, körfubolti, spaðaíþróttir, almenningur, skólaíþróttir</li> <li>16. <b>Golfvöllur</b> =&gt; Golf, almenningur</li> <li>17. <b>Félagssvæði BA</b> =&gt; Akstursíþróttir</li> <li>18. <b>Reiðhöll og Félagssvæði Léttis</b> =&gt; Hestaíþróttir</li> <li>19. <b>Félagssvæði KKA</b> =&gt; Motorcross, vélsleðar</li> <li>20. <b>Félagssvæði Skotfélgsins</b> =&gt; Skotfimi</li> <li>21. <b>Hlíðarfjall</b> =&gt; Alpagreinar, snjóþretti, skíðaganga, hjólréiðar, almenningur</li> <li>22. <b>Íþróttamiðstöðin í Hrísey</b> =&gt; æfingar UMF. Narfa, almenningur, skólaíþróttir</li> <li>23. <b>Sundlaug Grímseyjar</b> =&gt; sund og skólaíþróttir</li> </ol> |
|--|--|

## Uppbygging íþróttamannvirkja árin 2000 – 2018

Á síðustu árum hefur verið veruleg uppbygging íþróttamannvirkja á Akureyri og á eftirfarandi tímaás eru tilteknir helstu þættir uppbyggingar frá árinu 2000:



Einnig hafa verið gerðir uppbyggingasamningar á þessum árum við Golfklúbb Akureyrar, Bílklúbb Akureyrar og Siglingaklúbbinn Nökkva.

### Stefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja

Til grundvallar vinnu við forgangsröðun á uppbyggingu íþróttamannvirkja lögðu fulltrúar í starfshópnum upp með að velja atriði sem skiptu helst máli fyrir bæjarfélagið í heild og að það tæki mið af framtíðarþörfum Akureyrarbæjar og íþróttafélaga bæjarins. Tillögurnar taka mið af þeim upplýsingum sem bárust frá félögunum og miðast kostnaður við hvert verkefni út frá kostnaðargreiningu umhverfis- og mannvirkjasviðs og eru kostnaðartölur birtar með fyrirvara.

Tillaga að stefnu næstu ára varðandi forgangsröðun uppbyggingu íþróttamannvirkja frá og með árinu 2020 til 2035:

#### 1. Uppbygging á félagssvæði Nökkva við Höpnarsbryggju.

**Hvað:** Byggja félagsaðstöðu og bátageymslu.

**Rökstuðningur:** Klára framkvæmd sem er hafin og uppfylla samning frá árinu 2014.

Hópurinn telur núverandi aðstöðu félagsins ekki góða og telur brýnt að bæta úr hið fyrsta.

Aðstaðan er á áberandi stað í bænum og leggur hópurinn áherslu á að þetta verkefni klárast sem fyrst.

**Kostnaður um 150 m.kr**



## 2. Félags- og æfingaaðstaða í Skautahöll Akureyrar

**Hvað:** Reisa félags- og æfingaaðstöðu í norðurenda Skautahallar.

**Rökstuðningur:** Útbúa félags-, skrifstofu- og æfingaaðstöðu sem vantar í mannvirkið.

Núverandi aðstaða er ekki til fyrirmyndar hvorki fyrir iðkendur né almenning.

**Kostnaður um 150 m.kr.**

## 3. KA gervigras og stúka

**Hvað:** Útbúa æfinga- og keppnisaðstöðu á gervigrasi á félagssvæði KA ásamt stúkubyggingu.

**Rökstuðningur:** Mikil viðhaldsþörf er komin á Akureyrarvöll og því er brýnt að annað hvort verði ráðast í það viðhald eða hefja uppbyggingu annars staðar í bænum. Því leggur hópurinn til að útbúinn verði löglegur keppnisvöllur á svæði KA samkvæmt leyfiskerfi KSÍ. Hópurinn leggur til að ráðist verði í ofangreindar framkvæmdir og svæðið sem þá losnar á Akureyrarvelli verði skipulagt undir aðra starfsemi. Þá nýtist völlurinn sem æfinga- og keppnisvöllur en gríðarleg fjölgun hefur orðið hjá KA undanfarin ár samhliða uppbyggingu í Nausta- og Hagahverfi. Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á þeim hverfum samkvæmt þessum tillögum þrátt fyrir að slíkt hafi komið fram áður enda hefur KA óskað eftir að öll starfsemi þeirra verði við Dalsbraut.

**Kostnaður um 1.000 m.kr** (Viðræður um utanaðkomandi fjármögnun hefur komið fram í samtölum við KA menn).

## 4. KA félagsaðstaða

**Hvað:** Útbúa félagsaðstöðu fyrir daglega starfsemi félagsins, æfingaaðstaða fyrir deildir innan félagsins, búningsklefar fyrir starfsemina.

**Rökstuðningur:** Núverandi félagsaðstaða er of lítil fyrir daglega starfsemi félagsins enda hefur félagið stækkað á undanförunum árum og iðkendum fjölgað. Í þessum hluta er auk félagsaðstöðu gert ráð fyrir anddyri, búningsklefum og æfingaaðstöðu fyrir deildir, bæði núverandi og mögulega nýjar deildir. Þá telur hópurinn rétt að við skipulagninguna verði hugað að samlegðaráhrifum við skóla- og frístundastarf.

**Kostnaður um 500 m.kr** (Viðræður um utanaðkomandi fjármögnun hefur komið fram í samtölum við KA menn).

## 5. Hlíðarfjall þjónustuhús

**Hvað:** Reisa þjónustuhús fyrir starfsemi Skíðastaða í Hlíðarfjalli sem mun m.a. innihalda veitingaaðstöðu og salerni, miðasölu fyrir gesti, aðstöðu fyrir skíðaskóla, aðstöðu fyrir

skíðaleigu, aðstöðu fyrir Skíðafélag Akureyrar, aðstöðu fyrir starfsfólk.

**Rökstuðningur:** Núverandi skíðahótel er barns síns tíma og sú aðstaða er úr sér gengin en nú eru nokkrir gámar á svæðinu til bráðabirgða. Með því að sameina allt í nýju þjónustuhúsi mætti stórbæta aðstöðu starfsfólks og gesta en Hlíðarfjall hefur stóru hlutverki að gegna þegar kemur að ferðaþjónustu og útivist.

**Kostnaður um 450 m.kr**

#### 6. Golf- vetraraðstaða

**Hvað:** Reisa innanhússæfingaaðstöðu við golfskálann að Jaðri.

**Rökstuðningur:** Með þessu móti mætti færa alla starfsemi GA á einn stað og losa þannig aðstöðu í kjallara Íþróttahallarinnar sem þá er hægt að úthluta til annarra íþróttagreina/félaga. Slíkt myndi styrkja félagsstarf GA til mikilla muna, sérstaklega yfir vetrarmánuðina en gert væri ráð fyrir golfhermum í þessari aðstöðu.

**Kostnaður um 100 m.kr**

#### 7. Innisundlaug

**Hvað:** Byggja 50 metra innanhússundlaug fyrir kennslu, æfingar og keppni.

**Rökstuðningur:** Núverandi æfinga- og keppnisaðstaða sundfélagsins er ekki góð en nú æfir sundfélagið í 25m útisundlaug sem einnig er ætluð almenningi. Björt innisundlaug yrði bylting í æfingaaðstöðu félagsins og myndi auka aðgengi almennings. Þá myndi aðstaða til skólasunds bætast til mikilla muna, bæði fyrir nemenda og starfsfólks. Möguleikar á mótahaldi yrðu mun meiri með tilheyrandi jákvæðum áhrifum fyrir fyrirtæki í bænum.

**Kostnaður um 1.500 m.kr**

#### 8. Þór - vestan við Bogann

**Hvað:** Byggja félags-, æfinga- og geymsluaðstöðu við vesturhlið Bogans. Aðstaða fyrir deildir félagsins til æfinga, félags- og skrifstofuaðstaða deilda, salerni og geymsla fyrir starfsemi í Boganum.

**Rökstuðningur:** Hér yrði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir núverandi og mögulega nýjar deildir félagsins. Þá er brýnt að koma upp geymslu fyrir þann búnað sem tilheyrir Boganum auk þess sem salernisaðstaða er ekki góð. Í framtíðinni er möguleiki á að Boginn verði í auknum mæli nýttur fyrir alls konar samkomur, svo sem mótahald og sýningar og því gæti verið gott að gera ráð fyrir plássi fyrir færanlegt gólf.

**Kostnaður um 600 m.kr**

## 9. Þór íþróttahús

**Hvað:** Byggja íþróttahús á félagssvæði Þórs fyrir innanhússiþróttagreinar.

**Rökstuðningur:** Íþróttastarfsemi félagsins dreifist í nokkur íþróttamannvirki bæjarins.

Íþróttahús á félagssvæðið mun styrkja svæðið sem íþróttakjarna og tengja saman starfsemi félagsins. Stærðarhagkvæmni þess myndi gera kleift að afkasta helmingi fleiri æfingahópum en er annars í öðrum íþróttahúsum sem félagið notar og einnig yrðu samlegðaráhrif af nýtingu starfsfólks og annarrar aðstöðu á félagssvæðinu.

**Kostnaður um 1.000 m.kr**

## 10. Þór - gervigras á æfingasvæði

**Hvað:** Útbúa utanhúss gervigrasæfingasvæði á félagssvæði Þórs.

**Rökstuðningur:** Gervigrasvöllur sem gæti nýst vel við æfingar og keppni yngri flokka. Gert er ráð fyrir að meistaraflokkar leiki áfram á náttúrulegu grasi á aðalkeppnisvelli félagsins en hópurinn telur að slík framkvæmd (gervigras) passi illa vegna æfinga- og keppnisaðstöðu til frjálsa íþróttar.

**Kostnaður um 300 m.kr**

## 11. KA íþróttahús

**Hvað:** Byggja íþróttahús á félagssvæði KA fyrir innanhúsgreinar.

**Rökstuðningur:** Mikið álag er á núverandi íþróttahúsi bæði vegna skólaíþróttar og æfinga í handbolta og blaki en iðkendum í handbolta hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum auk þess sem eftirspurn frá almenningi er mikil. KA æfir nú á nokkrum stöðum í bænum en félagið hefur horft til þess að geta boðið öllum sínum iðkendum að æfa á félagssvæðinu.

**Kostnaður um 1.000 m.kr**

**Áætlaður heildarkostnaður 6.750 m. Kr.**

## Lokaorð og frekari fyrirvarar

Starfshópurinn hefur sett fram stefnu um forgangsröðun í nýfjárfestingu íþróttamannvirkja á vegum Akureyrarbæjar. Unnið var samkvæmt erindisbréfi og er niðurstaðan sú að settur er saman forgangslisti með 11 verkefnum, heildarkostnaður við þau er gróflega metinn 6.750 m.kr. Kostnaðargreining þessara verkefna er gróf og getur breyst við nánari hönnun og útfærslu. Starfshópurinn getur ekki metið hversu hratt uppbyggingin getur orðið þar sem það er **háð fjárhagslegum aðstæðum bæjarsjóðs** og svigrúmi hverju sinni en telur öll þessi verkefni brýn. Starfshópurinn komst að sameiginlegri niðurstöðu um að birta eina sviðsmynd um forgangsröðun.

Fjöldmörg verkefni bárust inn á borð starfshópsins sem ekki eru nefnd hér en hlutverk hópsins var að forgangsráða út frá þeim forsendum sem tíundaðar eru í skýrslunni.

Starfshópurinn sendir þessi drög til umfjöllunar á pólitískum vettvangi.

HILDUR BETTY KR.

---

f.h. starfshópsins

Akureyri, 28. 10. 2019

Fylgiskjal nr. 1

## Erindisbréf starfshóps

### Erindisbréf (verður fylgiskjal) Starfshópur um mat á kostnaði og sviðsmyndum varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri.

- Frístundaráð óskar eftir því við bæjarráð að starfshópur verði skipaður til að leggja mat á kostnað og hugsanlegar sviðsmyndir á uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri
- Samþykkt á fundi ráðsins þann 06. mars 2019.
- Samþykkt var að vinna hópsins yrði launuð, þ.e. þeir sem ekki eru starfsmenn bæjarins.
- Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við starfshópinn innan fjárhagsramma samfélagssviðs og því óskað eftir viðauka til að mæta honum.
- Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna verkefnisins bókist á kostnaðarstöð 106-0100.

#### Hlutverk/verkefni hópsins:

A. Greina gróflega stofnkostnað og rekstrarkostnað við helstu mannvirki sem eru í umræðu.  
B. Setja upp nokkrar sviðsmyndir um hvernig röð uppbyggingar og samspil verkefna gæti orðið  
C. Meta mögulegan framkvæmdahraða á sviðsmyndum út frá fjárhagslegu svigrúmi bæjarins og fjárþörf verkefna (að teknu tilliti til möguleika á einkaframkvæmd).  
Lagt er til að hópurinn verði þannig skipaður:

- Formaður frístundaráðs sem jafnframt verði formaður starfshópsins.
- Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs.
- Formaður skipulagsráðs.
- Tveir fulltrúar frá minnihluta bæjarstjórnar.

Lagt er til að deildarstjóri íþróttamála verði starfsmaður hópsins. Gert er ráð fyrir að fulltrúar hagsmunaaðila t.d. íþróttahreyfingunni og fleirum verði kallaðir inn á fundi starfshópsins til skrafs og ráðagerða.

Vinna hópsins hefst: mars 2019

Vinnu hópsins skal lokið: september 2019

Áætlaður fjöldi funda: 6

Áætlaður kostnaður vegna greiðslu nefndalauna og launatengdra gjalda er rúmar 1.281.000 kr.

Undirrituðu eintaki af erindisbréfi skal skila til bæjarstjóra áður en vinna hópsins hefst.

Afriti af undirrituðum fundargerðum skal skila til skrifstofu Ráðhúss eigi síðar en 13. júní vegna greiðslu 1. virka dag júlí og 13. desember vegna greiðslu í lok desember.

Akureyri, 06.03.2019

---

Nafn  
Formaður frístundaráðs

Fylgiskjal nr. 2

## Óskalisti íþróttafélaganna

Hér er að finna óskir íþróttafélaganna um viðbætur eða umbætur við þau mannvirki sem félögin nota. Eftirfarandi spurningar voru sendar á félögin;

- 1. Hvaða aðstöðu vantar félagið á næstu 5 - 15 árum? Fyrir hvaða starfsemi og hver þarf stærð mannvirkis að vera? Gæti aðstaðan nýst skólastarfi og/eða almenningi?**
- 2. Hvar á Akureyri, m.t.t. 3 - 4 íþróttakjarna, er besta/óska staðsetning félagsins?**
- 3. Með tilliti til samlegðaráhrif af nýtingu mannvirkja er spurt með hvaða öðrum aðildarfélögum ÍBA félagið ætti helst samleið?**

### **Bílaklúbbur Akureyrar (BA)**

1. Þörf á næstu 10 til 20 árum er að byggja varanlegar brautir til keppnishalds í spyrnu keppnum, brautarakstri (hringakstur) go-kart og drift. Bygging félagsheimilis samkvæmt deiliskipulagi og bygging aðstöðuhúss fyrir tæki og búnað félagsins ásamt aðstöðu fyrir keppendur og keppnistæki. Ekki er búið að ákveða stærð bygginga en áætla má að félagsheimili ásamt stjórnstöð fyrir keppnishald þarf að vera um 300 fm á tveimur hæðum. Aðstöðuhús fyrir búnað félagsins ásamt aðstöðu fyrir Ökuskóla Ö3 og aðstöðuhúsi fyrir keppendur og félagsmenn til viðhalda og smíði keppnistækja, byggingarreitur á svæði BA er tilgreindur fyrir allt að 4000 fm skemmu.
2. Engin önnur staðsetning en núverandi staðsetning.
3. Sjá samlegðaráhrif með KKA og Hjólreiðafélag Akureyrar

### **Fimleikafélag Akureyrar (Fimak) skilaði ekki inn óskalista**

### **Golfklúbbur Akureyrar (GA)**

1. Efst á óskalista er um 400 fm inniaðstaða að Jaðri, fyrir 3-4 golfherma og 27 holu púttvöll. Gæti nýst almenningi og ferðamönnum sem afþreying að vetri, t.d. Ef Hlíðarfjall er lokað. Einnig þörf fyrir stækkun á vélaskemmu og endurbætur á skápaðstöðu.
2. Golfvöllur og félagsaðstaða er á Jaðri og verður ekki flutt þaðan. Vetraraðstaða er nú í Íþróttahöll en það myndi styrkja félagsstarfið og gera aðgengilegra fyrir ferðamenn að byggja upp á Jaðri.

3. Samlegð við nýtingu mannvirkja ekki nærtæk. Samstarf við Þór og KA við umhirðu á grasi, og mögulegt samstarf við Hlíðarfjall og Skautahöll um viðhald og rekstur tækja.

### **Hamrarnir**

1. Hafa ekki óskir um sjálfstæða uppbyggingu en vilja halda áfram að nýta mannvirki hjá KA og Þór.
2. Staðsetning á svæðum KA og Þórs hentar vel.
3. Samlegð með starfsemi KA og Þórs.

### **Hestamannafélagið Léttir**

1. Á óskalista næstu ára er nýtt gólfefni ásamt vökvunarkerfi til þess að viðhalda því. Rafdrifið segl til þess að skipta höllinni upp myndi verða til þess að hún nýttist betur undir æfingar. Annars er enn vinna í gangi hjá Létti við að skipuleggja framtíðarsýn svæðisins.
2. Núverandi staðsetning hentar vel en til þess að geta haldið landsmót í framtíðinni þarf að skoða svæðið betur.
3. Engin samlegðaráhrif með öðrum félögum.

### **Hjólreiðarfélag Akureyrar**

1. Á óskalista er innanhúss skatepark aðstöða í kringum 1000m<sup>2</sup> með amk 5m lofthæð og sléttu, steypu/flotuðu gólfi. Í slíkri aðstöðu væru rampar, stökkpallar, svamp-pittur og slíkt notað til tækniæfinga fyrir hjólreiðar. Einnig svæði utandyra fyrir stökkbrautir (dirt jumps), í kring um 1000m<sup>2</sup>.
2. Staðsetning gjarna miðsvæðis eða við strætóleið. Utandyra svæði má gjarna vera sýnilegt.
3. Helst samleið með skíðafélagi. Einnig tenging við greinar sem ekki eiga sér félag svo sem hjólabretti, hlaupahjól, línuskauta.

## **Hnefaleikafélag Akureyrar**

1. Eru nú með sal í Laugargötu sem er 8 m x 17m eða 136 fermetrar en þurfa stærri sal, 18m x 12m. Með framkvæmdum mætti nýta salinn betur t.d. með búnaði hangandi á brautum eða með talúkerfi. Einnig væri æskilegt að hafa 300 fermetra úti æfingarsvæði. Myndu gjarnan vilja fá báða salina í Laugargötu en gott væri að hafa þrek- og lyftingataeki annarsstaðar í húsinu til þess að nýta húsnæðið betur
2. Eru ánægð með núverandi staðsetningu í Laugargötu
3. Telja að með skynsamlegri nýtingu og endurskipulagningu, megi nýta húsið betur í samvinnu við júddóeildina en síðan þá hefur sú deild reyndar flutt sig úr þessu húsnæði og pílukast er nú stundað í hinum salnum

## **Íþróttafélagið Akur**

1. Óska eftir framtíðarhúsnæði fyrir bogfimideildina.
2. Staðsetning skiptir ekki öllu máli nema þá vangaveltur um útisvæði fyrir bogfimina.
3. Félagið á helst samleið með Íþróttafélaginu Eik.

## **Íþróttafélagið Eik skilaði ekki inn óskalista**

## **Íþróttafélagið Þór**

1. Þór leggur áherslu á eftirfarandi verkefni á næsti 5-15 árum, raðað eftir forgangi:
  - Gervigras á aðalvöll Þórs. Kastsvæði UFA yrði þá fært á Skansinn. Gerður yrði afgirtur völlum norðan við Bogann.
  - Fjölnotahús við Bogann sem væri einnig nýtanlegt sem geymsla fyrir Bogann og snyrtingar. Þarna gæti verið aðstaða fyrir keilu, krullu, skotfimi, bogfimi, taekwondo, karate, pílu o.fl.
  - Útikörfuboltavöllur við Glerárskóla
  - Íþróttahús við Glerárskóla. Nýtanlegt fyrir m.a. handbolta, körfubolta og klifur.
  - 50 metra sundlaug við Glerárskóla.
  - Þak á stúkubyggingu á Þórsvelli.
  - Gervigras á Ásinn, grasvöllinn austan við aðalvöllinn.



2. Eins og gefur að skilja þá er besta staðsetningin fyrir Íþróttafélagið Þór hér á okkar svæði.
3. Það gefur auga leið að samnýting mannvirkja er með þeim félögum sem stunda svipaðar íþróttagreinar og við.

### **Karatefélag Akureyrar**

1. Vantar sturtuaðstöðu í núverandi húsnæði við Óseyri auk þess sem keppnisaðstöðu vantar en til þess þarf helst tvo 10x10 metra velli en ekki er pláss fyrir þá í núverandi aðstöðu.
2. Félagið hefur ekki sterka skoðun á því hvað kjarna þau eigi að tilheyra en er ánægt með núverandi húsnæði að Óseyri. Vilja ekki flytja sig nema aðstaðan í boði verði betri en í núverandi húsnæði. Reynslan af því að deila húsnæði með öðru félagi kom ekki vel út varðandi nýtingu á tíma.
3. Væri hægt að deila keppnisvelli með öðrum svo sem Tai kwon do og öðrum sem þurfa mjúkt undirlag.

### **KKA akstursíþróttafélag**

1. Aðstaðan sem er fyrir þarf smá betrum bætur og þá helst við barnabrautina. Hús sem gæti hýst mótórhjól og galla barnanna milli æfinga væri kostur.
2. Núverandi staðsetning er góð og hentar félaginu vel.
3. Möguleg samleið með hjólreiðafélaginu (segja sjálfir ekki sjá neina samleið)

### **Knattspyrnufélag Akureyrar (KA)**

1. Keppnis- og æfinga gervigrasvöllur með stúku. Nýtist við skólaíþróttir og frístund. Íþróttahús fyrir þær greinar sem stundaðar eru innandyrna. Getur nýst við skólaíþróttir og frístund. Félagsaðstaða með móttökurými, aðstöðu fyrir sjálfsvarnaríþróttir, styrktaræfingar, búningsklefa og skrifstofu- og fundaraðstöðu. KA hefur lagt til að félagsaðstaða verði 2800 til 4200 fermetrar, háð ýmsum þáttum svo sem fjölgun deilda en félagið hefur áhuga á að stækka sem fjölgreinafélag sem og á áhuga bæjaryfirvalda á að nýta húsnæðið undir sína starfsemi svo sem frístund, leikskólapláss eða skólastarf en félagið hefur haft frumkvæði af slíkum hugmyndum.
2. Vilja flytja nánast alla starfsemi sína á félagssvæðið við Dalsbraut en félagið æfir nú og keppir á sjö stöðum í bænum

3. KA vill vaxa sem fjölgreinafélag í samræmi við íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA. Í því samhengi má nefna boccia, bogfimi, sjálfsvarnariþróttir, rafíþróttir og fjölbreyttari almenningiþróttir. Einnig mætti sjá fyrir sér samlegð með félögum sem vegna eðli starfsemi sinnar muni aldrei gata flutt sínar æfingar á KA svæðið varðandi framkvæmdastjórn, skrifstofuhald, faglegt starf, innheimtu æfingagjalda og skráningu iðkenda svo eitthvað sé nefnt.

### **Kraftlyftingarfélag Akureyrar (KFA)**

1. Það vantar varanlega aðstöðu fyrir félagið sem hefur hingað til verið á húsnæðisflakki. Félagið þarf lyftingasal og aðstöðu fyrir íþróttaklifur. Möguleiki er fyrir hendi að selja almenningi aðgang að aðstöðunni til æfinga.
2. Óska staðsetning félagsins er í raun með hverju því íþróttafélagi sem gæti samnýtt aðstöðuna í lyftingasal. Best væri að það væri íþróttahús þar sem hægt væri að hita upp og nýta rýmið þegar mót eru haldin. Félagsaðstöðu væri hægt að nota með því íþróttafélagi sem í sambúðinni væri.
3. Félagði á í raun samleið með hverju því íþróttafélagi sem er með styrktaræfingar.

### **Siglingaklúbburinn Nökkvi**

1. Hafnaraðstaða sem nýtist öllum deildarfélögum félagsins, þ.e. 500fm húsnæði, malbikað plan, bryggjur, rampar, vatnagarðar og heitir pottar. Þessi aðstaða verður fyrir siglinga-, sjósport og hefðbundin námskeið Nökkva, fyrir alla aldurshópa, geymslu og viðhalds báta, búninga- og bað aðstöðu, fræðslu og námskeiðshalds barna og fullorðinna um ýmislegt sem tengist sjósportum.
2. Höepfnerssvæðið er sérlega góð staðsetning fyrir starfsemi félagsins.
3. Samstarf við félög á sviði útivistar, eða þar sem ekki er afmarkaður leikvöllur félaga. Hægt væri að nýta fundarsal hjá Nökkva þar sem félög gætu haldið litla sem og stóra fundi. Húsnæðið myndi nýtast til hvers konar námskeiðshald og móttöku keppenda á ýmsa viðburði.

## **Skautafélag Akureyrar (SA)**

1. Æfingar- og félagsaðstöðu. Markmiðið að það verið til upphitað almenningsrými fyrir gesti Skautahallarinnar og félagsrými. Að það fylgi lyfta framkvæmdinni svo fatlaðir komist á áhorenda palla og geti sótt fundi. Félagsaðstaðan mun stækka gólfpláss Skautahallarinnar (eign Akureyrarbæjar) um 300 fm og leysa pláss og aðstöðuleysi deildanna, 110 fm æfingasal, 36 fm lyftingarsal, 100 fm fundarsal og eldhús. Hönnun er klár og samþykkt, verkfræðiteikningar og kostnaðaráætlun. Skautahöllin er afþreyingar- og útvistarsvæði fyrir almenning rétt eins og sundlaugin og Hlíðarfjall. Grunnskólanemendur í 1. til 3. bekk fá skipti á skólaári í kennslu.
2. Óska staðsetningin er þar sem Skautahöllin er stödd í dag.
3. Félagið hefur möguleika á því að hýsa fleiri íþróttafélög eða starfsemi en samlegðaráhrifin kæmi fram í samnýttu bílaplani, búningasklefum, starfsfólki og veitingaraðstöðu.

## **Skíðafélag Akureyrar**

1. Félagsaðstaða (mögulega í samvinnu við Hjólreiðafélag Akureyrar), aðgengi og bílastæði. 65 m.kr.  
Brettadeild . Brettapark í Hlíðarfjalli og æfingagarður við Skautahöll (eða annarsstaðar). 20 m.kr (samstarf við FIMAK og Hjólreiðafélag mögulegt).  
Alpagreinar . Skýr samningur um þjónustu Hlíðarfjalls við SKA. Fjármagn ekki skilgreint. Endurnýjun og fjárfesting í tímatökutækjum, rafleiðslukerfum og ræsingarstæðum. 10 m.kr Samtals : 95 m.kr

## **Skotfélag Akureyrar**

1. Ríffilhús 80m<sup>2</sup> og er komin kostnaðar áætlun á það verk uppá 20.000.000.kr og stækkun (Nýtt) félagsheimili, ekki komin kostnaðaráætlun á það verk en hugsanlega 20-30.000.000.kr Ríffilhús er það sérhæf aðstaða að við sjáum ekki að það nýtist skólatafi né almenningi.
2. Þar sem Skotfélag Akureyrar er svolítið sérstakt að því leiti að verið er að nota skotvopn á okkar svæði finnst okkur við ekki eiga neinna sérstakra hagsmuna að gæta varðandi þessa ósk.
3. Þar sem Skotfélag Akureyrar er að nota skotvopn á svæði sínu sjáum við ekki að hagsmunum okkar sé borgið með neinu öðru íþróttafélagi inna ÍBA.

## **Sundfélagið Óðinn**

1. Félagið hefur ekki kost á því að fjölga iðkendum miðað við núverandi stöðu, félagið fær úthlutaða tíma í sundlaug Akureyrar og Glerárlaus. Þörfin fyrir sérstakri æfinga- og keppnislaus orðin aðkallandi. 50m 10 brauta yfirbyggð laug fyrir alla starfsemi félagsins, félagsaðstöðu fyrir iðkendur, þreksal, geymsluaðstöðu og skrifstofuaðstöðu. Yfirbyggð laug myndi bæta vinnuaðstæður fyrir þjálfarateymi félagsins og gefur afrekssundfólkinu kost á að æfa lengur heima, þá væri hægt að bæta aðgengi fyrir fatlaða í sund með nýrri laug.
2. Ákjósanlegast að vera nærri núverandi aðstöðu með tilliti til þeirra þátta sem nú eru samnýttir. Komi sú staðsetning niður á stærð byggingar 50fm yfirbyggðrar keppnislausar er hægt að settast á að mannvirkinu yrði komið fyrir á öðrum stað.
3. Sundfélagið samnýtir nú þegar aðstöðu sína í Laugargötu með Skíðafélaginu, Hnefaleikafélaginu og Júðódeild KA. Þá hafa Sundfélagið og UFA verið í samstarfi frá því síðastliðið haust. Samstarfið felst í rekstri þríþrautadeildar og hefur Sundfélagið langt til tíma í lauginni auk sundþjálfara en UFA hefur greitt kostnað við reksturinn. Frekara samstarf væri möguleiki enda hefur það gengið vel til þessa. Kæmi til þess að reist yrði 50m keppnislaus væri hægt að koma fyrir þreksal/líkamsræktaraðstöðu sem önnur félög gætu nýtt sér.

## **Svifflugfélag Akureyrar**

1. Ekki var skilað inn svari við spurningunni. Ítrekað að Akureyrarbær hefur til þessa ekki felld niður fasteignagjöld til jafns við önnur félag þrátt fyrir ítrekaðar óskir.
2. Ekki var skilað inn svari við spurningunni.
3. Svifflugfélag Akureyrar hefur ákveðna sérstöðu þar sem starfsemi félagsins getur ekki farið fram á sömu stöðum og flestar aðrar íþróttir.

## **Ungmennafélag Akureyrar**

1. Hvað varðar aðstöðu fyrir UFA er ljóst að eina ósk félagsins er innanhússæfingaaðstaða, m.ö.o. Frjálsíþróttahús eða fjölnota íþróttahús, sem er boðlegt til æfinga og tekur við nægilegu magni iðkenda.
2. Staðsetning væri á Þórsvæðinu, þar er fyrir einn af bestu utanhúsvöllum landsins fyrir frjálsar.
3. UFA hefur ágætis samstarf við Þór um starfsemi sína.

## **Ungmennafélagið Narfi**

1. Ákallandi að koma upp sparkvelli og hjólabraut í Hrísey. Íþróttahús og sundlaug nýtist vel, en núverandi aðstaða utanhúss er ekki góð unga iðkendum félagsins vantar betri aðstöðu til æfinga og afþreyingar.
2. Skólalóðin væri heppilegasta staðsetningin.
3. Ekki miklir samnýtingarmöguleikar vegna staðsetningar, hægt væri þó að hvetja önnur félög til að koma í æfingaferðir en til þess þarf aðstaðan að vera til hendi.

**Iðkendafjöldi**

Deildir innan ÍBA eru 24 og eru iðkendur frá 0 til 18 ára um 4432 en heildarfjöldi frá o og upp úr er 6623. Rauðar tölur eru úr Felix kerfinu en bláar tölur eru úr Nora kerfinu.

Félög	Deildir	0-18 ára			Aðstaða	Heildarfjöldi iðkenda		
		KK	KVK	Alls		KK	KVK	Alls
Bílaklúbbur Akureyrar	Fornbíla-, jeppa-, spyrnu- rally og rallycrossdeild	0	0	0	Félagsaðstaða BA við Hlíðarfjallsveg	88	3	91
Fimleikafélag Akureyrar	Áhalda- og hópfimleikar og íþróttaskóli	248	508	756	Íþróttamiðstöð Giljaskóla	251	510	761
Golfklúbbur Akureyrar	Golf	78	31	109	Golfvöllurinn Jaðri, Íþróttahöllin, Boginn	80	31	111
Hamrarnir	Knattspyrna	0	18	18	Boginn, Gervigras KA	18	70	88
Hestam.félagið Léttir		49	84	133	Félagssvæði Léttis, Reiðhöll, Reiðstígar	253	247	500
Hjólreiðafélag Akureyrar	Hjólreiðar	20	10	30	Stígar og hjólabrautir í landi Akureyrarbæjar	157	84	241
Hnefaleikafélag Akureyrar	Hnefaleikar	10	3	13	Íþróttahús Laugargötu	25	8	33
Íþróttafélagið Akur	Boccia-, borðtennis- og bogfimdeild.	22	6	28	Íþróttamiðstöð Glerárskóla og félagsaðstaða Akurs í Sjafnarhúsinu (bogfimi)	22	6	28
Íþróttafélagið Eik	Frjálsíþróttadeild	0	0	0	Boginn, félagssvæði Þórs	27	26	53
	Bocciadeild				Íþróttamiðstöð Glerárskóla			
Íþróttafélagið Þór	Handknattleiksdeild	149	37	186	Íþróttahús Síðuskóla, Íþróttahöllin	160	37	197
	Keiludeild	4	4	8	Aðstöðulausir	29	8	37
	Knattspyrnudeild	393	274	667	Félagssvæði Þórs, Boginn, gervigras KA	405	294	699
	Körfuknattleiksdeild	145	27	172	Íþr.miðst. Glerárskóla, Íþróttahöllin, Íþr.hús Síðusk., Íþr.hús Naustaskóla	154	27	181
	Píludeild	0	0	0	Íþróttahús Laugargötu	0	0	0
	Taekwondodeild	10	2	12	Íþróttahús Oddeyrarskóla	13	2	15
Karatefélag Akureyrar	Karate	40	13	53	Félagsaðstaða Óseyri 1	44	13	57

Félög	Deildir	0-18 ára			Aðstaða	Heildarfjöldi iðkenda		
		KK	KVK	Alls		KK	KVK	Alls
KKA aksturs-íþróttafélag (torfæruhjól og vélsleðar)	Motorcross-, reiðhjóla- og rallycorssdeild	15	7	22	Félagssvæði KKA við Hlíðarbraut	138	10	148
Knattspyrnufélag Akureyrar	Blakdeild	6	29	35	Íþróttahús Lundarskóla, Íþróttahús Naustaskóla	6	30	36
	Handknattleiksdeild	223	110	333	Íþr.hús Lundarsk., Íþr.hús Naustask., Íþróttahöllin	239	116	355
	Júðódeild	54	24	78	Íþróttahús Lundarskóla	75	35	110
	Knattspyrnudeild	491	283	774	Gervigras KA, Akureyrarvöllur, Boginn, félagssvæði KA	520	283	803
	Spaðadeild	35	18	53	Íþróttahús Lundarskóla, Íþróttahús Naustaskóla	47	18	65
Kraftlyftingarfélag Akureyrar	Frjálsíþróttadeild	0	0	0	Boginn, félagssvæði Þórs	0	0	0
	Klifurdeild	0	0	0	?	0	0	0
	Kraftlyftingardeild	8	7	15	Félagsaðstaða í Sjafnarhúsi	175	70	245
	Lyftingadeild	6	4	10	Félagsaðstaða í Sjafnarhúsi	35	15	50
Siglingarklúbburinn Nökkvi	Siglingar	71	29	100	Félagssvæði Nökkva við Drottningarbraut	71	29	100
Skautafélag Akureyrar	Íshokkideild	120	60	180	Skautahöll	170	92	262
	Krulludeild	0	0	0		44	8	52
	Listhlaupadeild	3	66	69		3	68	71
Skíðafélag Akureyrar	Alpagreinar	38	59	97	Hlíðarfjall	40	60	100
	Skíðaganga	16	10	26	Hlíðarfjall, Kjarnaskógur	17	10	27
	Snjóbretti	36	11	47	Hlíðarfjall, við Skautahöll	46	11	57
Skotfélag Akureyrar	Skotfimi	4	0	4	Félagsaðstaða Skotfélagsins við Hlíðarbraut, Íþróttahöllin	557	40	597
Sundfélagið Óðinn	Sund	135	166	301	Sundlaug Akureyrar, Glerársundlaug, World Class	142	169	311

Félög	Deildir	0-18 ára			Aðstaða	Heildarfjöldi iðkenda		
		KK	KVK	Alls		KK	KVK	Alls
Svifflugfélag Akureyrar	Svifflug	0	0	0	Félagsaðstaða við Akureyrarflugvöll	28	0	28
Ungmennafélag Akureyrar	Frjálsíþrótt- og glímudeild, Íþróttir fyrir alla.	31	62	93	Íþróttahöllin, félagssvæði Þórs	33	71	104
Umf. Narfi	Íþróttir fyrir alla	4	6	10	Íþróttamiðstöðin Hrísey	4	6	10
Samtals		2464	1968	4432	Samtals	4116	2507	6623

Felix er miðlægt tölvukerfi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) og heldur utan um íþróttaiðkendum á Íslandi. NORA er skráningar- og greiðslukerfi sem mörg aðildarfélög ÍBA nota til að halda utan um skráningar í félögin. Akureyrarbær notar Nora-kerfið til að deila út frístundastyrk til iðkenda og félaga.